

# STEFNA ÍSLANDSSJÓÐA HF. UM PERSÓNUVERND

## 1. Um stefnuna

Persónuvernd og öryggi persónuupplýsinga eru mikilvægir þættir í starfsemi Íslandssjóða og taka Íslandssjóðir alvarlega þær skyldur sem þeim fylgja. Hér á eftir verður farið yfir hvernig Íslandssjóðir fara með persónuupplýsingar, t.d. hvernig þeim verður safnað, þeim miðlað, þær skráðar, unnar, varðveittar og hvernig öryggis þeirra er gætt þannig að það samræmist lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Einnig verður farið yfir á hvaða grundvelli persónuupplýsingarnar eru unnar, hver réttindi einstaklinga eru og hvernig einstaklingar geta haft samband við Íslandssjóði vegna meðferðar persónuupplýsinga.

## 2. Gildissvið

Stefnan gildir um vinnslu Íslandssjóða á persónuupplýsingum einstaklinga, t.d. núverandi og fyrrverandi viðskiptavina og fyrrverandi starfsmanna. Stefnan gildir ekki um upplýsingar um lögaðila. Með „persónuupplýsingum“ er átt við upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu o.s.frv.

## 3. Ábyrgðaraðili

Íslandssjóðir, kt. 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er ábyrgðaraðili í skilningi laga um persónuvernd. Íslandssjóðir er með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 45/2020. Félagið er jafnframt með starfsleyfi fyrir eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf.

## 4. Heimildir til vinnslu persónuupplýsinga

Samkvæmt lögum um persónuvernd er Íslandssjóðum aðeins heimilt að vinna persónuupplýsingar ef fyrirtækið hefur nægilega góðar ástæður til þess. Ein eða fleiri eftirfarandi ástæðna verður að vera til staðar:

- Þegar það er nauðsynlegt vegna framkvæmdar samningsmilli fyrirtækisins og einstaklings,<sup>1</sup> s.s. aðgerðir sem eru nauðsynlegar til að stofna til hvers konar viðskipta. Sama gildir um breytingar á áður gerðum samningum.
- Þegar fyrirtækinu ber lagaskylda til þess, t.d. til að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, bréfaútsendingar vegna reglubreytinga sjóða o.fl.
- Þegar það er nauðsynlegt vegna lögmætra hagsmuna, t.d. vegna markaðssetningar og annarra viðskiptalegra hagsmuna.
- Þegar einstaklingur samþykkir<sup>2</sup> að fyrirtækið vinni persónuupplýsingar um hann.

Ekki er heimilt að vinna viðkvæmar persónuupplýsingar t.d. er varða þjóðernislegan uppruna, stjórnmálaskoðanir, þátttöku í stéttarfélagi og heilsufar nema fyrir hendi séu einhverjar af þeim

<sup>1</sup> Með samningi er einnig átt við samning milli einstaklings og söluaðila Íslandssjóða.

<sup>2</sup> Með samþykki er einnig átt við samþykki sem einstaklingur hefur veitt söluaðila Íslandssjóða.

undantekningum sem lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga kveða á um, s.s. ótvírætt samþykki, vinnsla sé nauðsynleg til að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur eða vinnsla fari fram á upplýsingum sem einstaklingur hefur sjálfur gert opinberar.

## 5. Hvaða persónuupplýsingar vinna Íslandssjóðir með og til hvers?

Íslandssjóðir vinna með ýmsar tegundir persónuupplýsinga þótt stærstur hluti þeirra séu fjárhags- og samningsupplýsingar. Hér á eftir er lýsing á flestum þeim flokkum persónuupplýsinga sem Íslandssjóðir vinna með og tilgangi vinnslu þessara upplýsinga.

**Samskiptaupplýsingar:** Nafn, heimilisfang og aðrar samskiptaupplýsingar s.s. eins og netfang og símanúmer auk upplýsinga er varða samskipti einstaklings við Íslandssjóði svo að fyrirtækið geti haft samband við einstaklinga.

**Kennitala, skilríki og auðkenni:** Kennitölur, skilríki hvers konar t.d. eins og vegabréf, ökuskríteini og rafræn auðkenni svo að Íslandssjóðir geti borið kennsl á einstakling.

**Fjárhagsupplýsingar:** Íslandssjóðir gefa t.d. út skilríki fyrir eignarréttindum að sjóðum í rekstri félagsins og halda skrá yfir eigendur hlutdeildarskríteina í sjóðunum þar sem lögum samkvæmt þarf m.a. að skrá söludag skríteinis, nafnverð skríteinis og heildarfjölda útistandandi skríteina.

**Samningsupplýsingar:** Atriði er varða þá samninga sem einstaklingur hefur gert við Íslandssjóði eða söluaðila og upplýsingar um þær vörur og þá þjónustu sem fyrirtækið veitir einstaklingi svo hægt sé að framfylgja ákvæðum samninga.

**Upplýsingar um samskipti:** Upplýsingar sem Íslandssjóðir fá um einstakling með bréfum og tölvupóstum sem einstaklingar senda fyrirtækinu svo Íslandssjóðir geti veitt einstaklingi þjónustu, bætt hana og brugðist við erindum hans og ábendingum.

**Opinberar upplýsingar:** T.d. upplýsingar úr þjóðskrá, fasteignaskrá, hlutafélagaskrá og öðrum opinberum skráum ásamt upplýsingum sem hægt er að fá aðgang að hjá fjárhagsupplýsingastofu eða upplýsingar sem hafa verið gerðar opinberar á internetinu. Þessar upplýsingar eru notaðar í ýmsum tilgangi í tengslum við starfsemi Íslandssjóða.

**Skjöl sem einstaklingur hefur undirritað eða afhent:** Geymd eru afrit af þeim samningum sem einstaklingar hafa gert við fyrirtækið eða söluaðila og skjölum sem einstaklingar hefur afhent fyrirtækinu eða söluaðila í tengslum við gerð slíkra samninga. Þetta er gert til að sanna tilvist skjalanna og efnisatriði þeirra.

**Rafræn vöktun:** Haft er eftirlit með starfsstöð Íslandssjóða með eftirlitsmyndavélum í öryggis- og eignavörsluskyni.

**Hljóðritun símtala:** Símtöl einstaklinga við Íslandssjóði kunna að vera hljóðrituð. Þessi vinnsla fer t.d. fram til þess að hægt sé að færa sönnur á því hvort viðskipti hafi farið fram og í öryggisskyni.

**Samþykki:** Hvers konar samþykki eða leyfi sem einstaklingur veitir Íslandssjóðum eða söluaðila. Í þessu felast m.a. upplýsingar um hvornig einstaklingur vill að haft sé samband við hann, t.d. hvort afþakki bréfasendingar frá Íslandssjóðum.

**Kökur:** Kökur (e. cookies) eru litlar tölvuskrár sem eru sendar í tölvu einstaklinga eða snjalltæki þegar einstaklingur heimsækir vefsíðu. Þær vistast í tæki einstaklings og eru sendar til baka þegar hann heimsækir vefsíðuna aftur. Kökurnar geyma upplýsingar um heimsóknir einstaklings á vefsíður t.d. svo hann þurfi ekki að slá inn notendanafn eða lykilorð í hvert sinn sem hann heimsækir vefsíðuna eða til að greina umferð á vefsíðu.

Verði persónuupplýsingar notaðar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi eru einstaklingar í viðskiptum við Íslandssjóði látnir vita.

## 6. Hvaðan afla Íslandssjóðir persónuupplýsinga?

Persónuupplýsingar sem Íslandssjóðir vinna berast yfirleitt beint frá einstaklingum sem eru í viðskiptum við fyrirtækið eða söluaðila þess en það vinnur einnig upplýsingar sem því hafa borist með öðrum leiðum t.d. með aðgangi að opinberum skráum eins og þjóðskrá, hlutafélagaskrá og aðgangi að skráum fjárhagsupplýsingastofu.

## 7. Hversu lengi varðveita Íslandssjóðir persónuupplýsingar?

Íslandssjóðir varðveita persónuupplýsingar eins lengi og nauðsynlegt er en varðveislutímabil getur ýmist verið lengra eða styttra eftir eðli upplýsinga, þeirri vöru eða þjónustu sem Íslandssjóðir veita einstaklingi og lagalegri skyldu.

## 8. Með hverjum deila Íslandssjóðir persónuupplýsingum?

Íslandssjóðir hafa gert útvistunarsamninga við móðurfélag sitt, Íslandsbanka, um að sjá um hluta af daglegum rekstri, m.a. útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina og aðra þjónustu við viðskiptavinum og að viðhalda skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina og vinnur Íslandsbanki, sem vinnsluaðili, persónuupplýsingar á vegum Íslandssjóða samkvæmt útvistunarsamningunum. Vinnsluaðilar eru bundnir þagnarskyldu og skulu gæta persónuverndar með sama hætti og gildir um Íslandssjóði. Íslandssjóðir munu ekki deila persónuupplýsingum einstaklinga til annarra aðila en vinnsluaðila nema fyrirtækinu sé það skylt samkvæmt lögum eða úrskurði dómstóla. Einstaklingur getur þó heimilað Íslandssjóðum að deila persónuupplýsingum um hann.

## 9. Öryggi

Íslandssjóðir leggja mikið upp úr öryggi persónuupplýsinga einstaklinga og er fyrirtækið bundið trúnaði og þagnarskyldu um þær. Í gildi eru ýmsar reglur er varða öryggi, t.d. um aðgangstakmarkanir, raunlægt öryggi og öryggi upplýsingakerfa. Íslandssjóðir útvista resktri upplýsingakerfa til móðurfélagsins, Íslandsbanka, en bankinn hefur innleitt ISO/IEC 27001:2013 staðalinn sem fjallar um stjórnkerfi upplýsingaöryggis og er ætlað að stuðla að stöðugleika í rekstri upplýsingakerfa og upplýsingaöryggi. Verði öryggisbrestur verður farið með öll slík mál í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

## 10. Réttur einstaklinga

Persónuverndarlögin veita einstaklingum ýmis réttindi en rétt er að hafa í huga að í einhverjum tilfellum kann að vera að hann takmarkist af einhverjum ástæðum. Til dæmis geta Íslandssjóðir ekki eytt þeim gögnum sem Íslandssjóðum ber lagaskylda til að varðveita. Íslandssjóðir taka þó ávallt allar athugasemdir og beiðnir til skoðunar. Ef Íslandssjóðir geta ekki orðið við beiðninni að einhverjum ástæðum þá er gert grein fyrir því. Réttindin fela m.a. í sér:

Einstaklingur á rétt til þess að fá að vita hvort að Íslandssjóðir vinna persónuupplýsingar um hann og ef svo er þá á hann rétt til aðgangs að þeim auk upplýsinga um tilgang vinnslu, flokka persónuupplýsinga, flokka viðtakenda, viðmið um varðveislutíma, réttinn til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd og upplýsingar um uppruna.

Ef einstaklingur telur að einhverjar þeirra upplýsinga sem Íslandssjóðir varðveita um hann séu óáreiðanlegar á hann rétt á því að fá þær leiðréttar. Við slíkar aðstæður á hann rétt á því að fara fram á takmörkun á vinnslu persónuupplýsinganna þar til staðfest hefur verið að þær séu réttar.

Einstaklingur á rétt á því að fara fram á að Íslandssjóðir eyði persónuupplýsingum um hann tafarlaust ef hann telur upplýsingarnar ekki lengur nauðsynlegar í þeim tilgangi sem lá að baki söfnun þeirra, hann dregur til baka samþykki sem vinnsla þeirra byggist á og ekki er annar lagagrundvöllur fyrir vinnslunni eða ef vinnsla upplýsinganna er ólögmat.

Einstaklingur á rétt á því að óska þess að Íslandssjóðir takmarki vinnslu persónuupplýsinga um hann ef hann vefengir að upplýsingarnar séu réttar, ef hann telur vinnslu upplýsinganna ólögmat eða að Íslandssjóðir þurfa ekki lengur á þeim að halda en hann þarfnast þeirra til að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur.

Einstaklingur á rétt á því að fá persónuupplýsingar sem varða hann, sem hann hefur látið Íslandssjóðum í té, á skipulegu, algengu og tölvulesanlegu sniði. Einstaklingur má einnig óska þess að Íslandssjóðir áframsendi upplýsingar hans beint til þriðja aðila. Þetta á aðeins við hafi vinnsla persónuupplýsinga verið byggð á samþykki og vinnslan er sjálfvirk.

Einstaklingur á rétt á því að andmæla vinnslu persónuupplýsinga sinna og notkun þeirra til beinnar markaðssetningar hvenær sem er.

Í þeim tilvikum þar sem samþykki einstaklings er gert að skilyrði fyrir vinnslu persónuupplýsinga á hann rétt á því að draga samþykkið til baka. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkisins fram að afturköllun.

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og úrskurðar í ágreiningsmálum á sviði persónuverndar. Einstaklingur getur lagt fram kvörtun hjá Persónuvernd, sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Persónuverndar: [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

## **11. Samskiptaupplýsingar og persónuverndarfulltrúi**

Hægt er að hafa samband við Íslandssjóði í síma 440 4950 eða með tölvupósti á [islandssjodir@islandssjodir.is](mailto:islandssjodir@islandssjodir.is).

Samkvæmt persónuverndarlögum er fyrirtækjasamstæðu heimilt að skipa einn persónuverndarfulltrúa. Íslandssjóðir eru dótturfélaga Íslandsbanka og hafa gert þjónustusamning við bankann um verkefni persónuverndarfulltrúa. Einstaklingar geta haft samband við persónuverndarfulltrúa með öll mál sem tengjast vinnslu á persónuupplýsingum þeirra og hvernig þeir geta neytt réttar síns samkvæmt lögum um persónuvernd. Netfang persónuverndarfulltrúa er [personuvernd@islandsbanki.is](mailto:personuvernd@islandsbanki.is).

## **12. Endurskoðun persónuverndarstefnu**

Íslandssjóðum er heimilt að gera breytingar á persónuverndarstefnu þessari hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara. Breytingar kunna t.d. að vera gerðar til að samræma stefnuna við gildandi lög og reglur er verða persónuvernd hverju sinni. Endurskoðuð stefna verður birt á vefsíðu Íslandssjóða – [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is).

Samþykkt af stjórn Íslandssjóða hf.

25. janúar 2022